



2010

Þjóðarspegilinn

Búferlaflutningar kvenna

Vífill Karlsson
Kolfinna Jóhannesdóttir

Viðskiptafræðideild
Ritstjóri: Ingjaldur Hannibalsson

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-07-5



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Búferlaflutningar kvenna

Vífill Karlsson
Kolfinna Jóhannesdóttir

Hvaða þættir orsaka búferlaflutninga kvenna og eru þeir að einhverju leyti frábrugðnir þeim sem ýta við körlum? Almennt má segja að búferlaflutningar innan hvers lands hafi um langa hríð einkennst af straumi fólks frá jaðri inn að miðju, frá norðri til suðurs og jafnvel frá austri til vesturs í hinum Vestræna heimi. Þá flytur fólk úr sveitum í bæi og úr bæjum til borga. Allt frá því hagfræðingar hófu rannsóknir á búferlaflutningum milli landsvæða fyrir rúmum 100 árum, hafa konur vírst vera fleiri meðal brottfluttra heldur en karlar (Greenwood og Hunt, 2003). Almennt hefur verið talið að tækifæri á vinnumarkaði reki konur áfram, betri og hentugri störf auk hærri launa. Gildir það sama hér á landi og eru það einu orsakavaldarnir?

Þróunin á Íslandi hefur verið um margt svipuð þeirri sem lýst er að ofan. Það sést á því að karlar eru hlutfallslega fleiri meðal íbúa utan höfuðborgarsvæðisins, en á höfuðborgarsvæðinu er þessu öfugt farið og hefur verið lengi (Vífill Karlsson, 2010b). Hitt er kannski athyglisvert að konur virðast hafa verið leiðandi í svokallaðri andborgarmyndun sem átti sér stað á síðasta hagvaxtarskeiði (Vífill Karlsson, 2008), sem er eitt lengsta hagvaxtarskeið í sögu landsins. Þá flutti ákveðinn hópur borgarbúa til nærliggjandi sveitarfélaga án þess endilega að segja starfi sínu lausu á höfuðborgarsvæðinu. Núna virðist þessi þróun hafa snúist við eftir að kreppti að (Vífill Karlsson, 2010a).

Þróun af þessu tagi virðist vera sérstaklega óheppileg ef marka má nýlega rannsókn sem bendir til að virði samfélaga sé minna ef konur eru hlutfallslega færri en karlar (Vífill Karlsson, 2010b). Það er túlkun niðurstaðnanna sem kveða á um að fasteignaverð sé marktækt lægra í slíkum byggðarlögum (samfélögum). Ástæðan er rakin til þess að slík þróun stuðlar að frekari einsleitni samfélaganna auk þess sem ýmsar rannsóknir benda til að konur búi í ríkara mæli að eiginleikum sem laða fram staðbundinn hagvöxt. Þetta eru eiginleikar eins og meiri samstarfsvilji (Nowell og Tinkler, 1994), óeigingirmi (Eckel og Grossman, 1998) og heiðarleiki (Hasseldine og Hite, 2003; Swamy, Knack, Lee og Azfar, 2001). Þá hefur einnig verið bent á að konur leiði búferlaflutningana í heild með þeim hætti að karlarnir fylgi á eftir þegar þær á annað borð ákveða að yfirgefa „samkvæmið“, kannski vegna þess að virði samfélagsins dregst saman eins og áður sagði.

Þess vegna er hér spurt hvað það er sem ýtir konum af stað frá heimahögunum og hvort það er einhver munur á orsökum búferlaflutninga kvenna og karla í þeirri von um að koma megi auga á gagnlegri aðgerðir til höfuðs hinum þrálátu búferlaflutningum hnignandi byggðarlaga sem hafa verið í vörn svo áratugum skiptir.

Þessi grein byggir á gögnum og greiningu spurningakönnunar sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) létu Rannsóknamiðstöð Háskólans að Bifröst (RHB) vinna fyrir sig í tengslum við ímynd Vesturlands gagnvart íbúum höfuðborgarsvæðisins annars vegar og íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra hins vegar (Grétar Þór Eyþórsson, Eva Heiða Önnudóttir, Kolfinna Jóhannesdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir, 2007). Könnunin var gerð haustið 2006 og markast niðurstöðurnar af þeim tíðaranda sem þá ríkti. Þess vegna væri athyglisvert að endurtaka rannsóknina til að kanna hverjar orsakanna eru háðar tíðaranda og hverjar eru viðvarandi. Í nýlegri grein segir frá að góð umgjörð um fjölskylduna vegi þyngst þegar fólk íhugar búsetu,

þá þættir sem snerta náttúru og umhverfi og að síðustu efnahagslegir þættir (Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsón, 2009). Sú grein byggir á sömu spurningakönnun.

Uppbygging skýrslunnar er sem hér segir. Í næsta kafla verður greint frá fyrri rannsóknum á búferlaflutningum karla og kvenna. Þá verður greint frá aðferð rannsóknarinnar og eiginleikum talnasafnsins. Að lokum verða gögnin brotin upp og greind svo unnt verði að svara rannsóknarspurningunni.

Fræðilegur bakgrunnur

Ástæður fyrir búferlaflutningum eru ýmsar. Þar eru gjarnan taldar til aðstæður á vinnumarkaði, þ.e. laun, atvinnuleysi, atvinnuúrval svo það helsta sé nefnt (McCann, 2001). Einnig eru aðstæður á fasteignamarkaði (Greenwood og Hunt, 2003) taldar til, opinber þjónusta (Tiebout, 1956), útsvar og aðrar skattaálögur sveitarfélaga. Í því sambandi hefur verið fjallað um að sveitarfélög keppi um íbúana með sem skilvirkastrí nýtingu opinberra fjármuna – þ.e. leitist við að hafa skatta eins lága og unnt er og þjónustu sem besta og hentugasta fyrir íbúana. Þá er skynvirði (Graves, 2003; Greenwood, Hunt, Rickman og Treyz, 1991) talið til og fjöldamargt annað sem gjarnan hefur verið rannsakað. Skynvirði (*amenity value*) felst í staðbundnum gæðum sem auka velferð almennings án þess að hann borgi fyrir það markaðsvirði. Ýmis náttúrugæði og endurgjaldslaus þjónusta eða hreinlega félagsstarf hefur verið flokkað undir skynvirði. Þá hafa hafa menn talað um neikvætt skynvirði (*dis-amenity*). Það eru staðbundnir þættir sem draga úr velferð íbúanna án þess að þeir fái fyrir það bætur. Glæpir og mengun hafa verið taldir þar á meðal. Athyglisverðar eru kenningar sem gengið hafa út á að laun séu almennt lægri á stöðum þar sem skynvirði er hátt (Greenwood o.fl., 1991 ; Mills, 1972. Það er útskýrt þannig að fólk laðist að stöðum sem bjóða upp á gott veðurfar eða önnur endurgjaldslaus gæði. Það eykur framboð vinnuafis og laun lækka. Að sama skapi eru laun óvenju há þar sem skynvirði er lágt. Þetta er kannski hluti af skýringu launamunar suður og norður Evrópu.

Þá hefur athygli rannsækenda beinst að ýmsum viðburðum í lífi einstaklinga eins og giftingum, barneignum, skilnuðum og áhrifum þeirra á búferlaflutninga (Clark og Withers, 2007). Einnig hefur verið bent á það að töluvert stór (um þriðjungur) hluti búferlaflutninga er óundirbúinn (Clark og Withers, 2007). Þá er átt við búferlaflutninga vegna utanaðkomandi óviðráðanlegra aðstæðna eins og skilnaða, heilsubreysts eða gjaldþrots svo eitthvað sé nefnt.

Þegar kemur að því hvort ástæður séu mismunandi eftir kynjum verður minna um svör. Þetta hefur verið ráðgáta alla tíð og er enn í dag (Greenwood og Hunt, 2003). Þó hafa menn bent á ástæður eins og meiri tækifæri kvenna til vinnu og hærri laun á vinnumarkaði borganna heldur en í dreifbýli (Greenwood og Hunt, 2003) – þ.e. laun kvenna hækka meira heldur en karla þegar flutt er úr sveit í borg. Nýleg og ítarlegri skýring felst í því að borgir bjóði konum sem kjósi sér starfsframa upp á búsetu þar sem stutt sé til vinnu, í verslun, skóla, leikskóla og aðra staði sem þær þurfa að sækja daglega vegna þess að þær bera ennþá meiri ábyrgð á skyldum heimilisins heldur en karlar þrátt fyrir jafnréttisbaráttu um margra áratuga skeiða (Freedman og Kern, 1997; White, 1977). Þar kemur einnig fram að konur virðast ráða ferðinni og þær geri síðan kröfur til þess að eiginmenn þeirra starfi nálægt heimilinu líka í þeim tilgangi að þeir geti komið meira inn í skyldur heimilisins. En þá verða borgirnar að vera vel skipulagðar. Illa skipulagðar borgir geta gert konum í þessari aðstöðu erfiðara fyrir. Þetta er hinsvegar ekki í samræmi við rannsókn sem segir að þrátt fyrir vaxandi atvinnuþátttöku kvenna, menntun þeirra og jafnrétti þá er það menntun og starfsframi eiginmannsins sem ræður frekar ferðinni þegar kemur að því að ákveða búferlaflutninga fjölskyldunnar og er þar bent á margar aðrar rannsóknir niðurstöðunni til stuðnings (Nivalainen, 2004). Eins og nefnt var áðan virðast ýmsir viðburðir í lífi fólks

hafa áhrif á búferlaflutninga. Það þyrfti því að greina eftir kynjum þessar orsakir búferlaflutninga sem tengjast breytingum á hjúskaparstöðu, barneignum og öðrum viðburðum í lífi fólks. Þá hefur verið bent á að fullyrt sé í fjölda rannsókna að giftar konur flytji eingöngu vegna þess að makinn vildi flytja (Clark og Withers, 2007).

En hvað bera svo konur úr bitum fyrir að flytjast á milli staða? Nokkrar rannsóknir sýna að búferlaflutningar hafa jákvæð áhrif á tekjur einhleypra karla og kvenna og giftra karla en neikvæðar á tekjur giftra kvenna, aðallega vegna skerðingar á vinnutíma (Lichter, 1983; Polachek og Horvath, 1977; Sandell, 1977; Spitze, 1984). Í annarri rannsókn er það fullyrt að konur sem flytji með maka sínum um langan veg eru líklegar til að missa vinnu sína í kjölfarið á meðan þessu er öfugt farið fyrir ógiftar konur (Clark og Withers, 2007). Þá virðast þessi áhrif ekki vera varanleg. Þau eiga það til að þurrkast út að tveimur árum liðnum – þ.e. að tveimur árum liðnum eru áhrifin á atvinnuþátttöku og laun giftra kvenna líka orðin jákvæð. Athygli vekur að neikvæð tekjuáhrif virðast vera meiri hjá betur menntuðum konum (Lichter, 1983). Þá upplifir töluverður hluti kvenna verri starfsgæði í kjölfar búferlaflutninga (Morrison og Lichter, 1988). Einnig hefur verið sýnt fram á það að launamunur hjóna eykst í kjölfar búferlaflutninga (Krieg, 1992).

Eins og sjá má á þessari yfirferð eru rannsóknir ekki margar á hvort orsakir búferlaflutninga eru aðrar hjá konum en körlum og sú mynd sem draga má upp frekar takmörkuð og misvísandi. Þess vegna er áhugavert að kanna hvort fyrrgreind skoðana-könnun gefi okkur einhverjar frekari vísbendingar í þá átt.

Gögn og aðferð

Könnunin sem SSV lét RHB vinna fyrir sig var í formi póstkönnunar og fór fram á tímabilinu 14. september til 30. nóvember 2006. Tekið var tilviljanaúrtak úr þjóðskrá sem náði til 2.000 einstaklinga, 1.500 íbúa á höfuðborgarsvæðinu, 250 íbúa á Vestfjörðum og 250 á Norðurlandi vestra. Heildarsvarhlutfall var 23,7%, svarhlutfall á höfuðborgarsvæði var 23,5%, Norðurlandi vestra 22,4% og á Vestfjörðum 26,1%. Rannsókninni var ætlað að svara því hver ímynd Vesturlands væri í augum íbúa þeirra svæða sem könnunin náði til. Könnunin samanstóð af 21 spurningum, þar af voru sex bakgrunnsspurningar. Viðamesta spurningin var í 18 liðum og varðaði búsetuskilyrði. Spurt var um hversu mikilvæg ákveðin atriði væru í huga þátttakenda ef þeir væru að íhuga að setjast að í öðrum landshluta. Þessi grein byggir á gögnum um svör við framangreindum 18 atriðum og greiningu á afstöðu eftir kyni svarenda. Ennfremur er fjallað um niðurstöður úr þáttgreiningu en í henni voru spurningar sem taldar voru mæla lík atriði flokkaðar saman í einn þátt. Þannig var hægt að nálgast hvort einhver þáttur væri undirliggjandi og sameiginlegur tilteknum spurningum. Settir voru saman fimm þættir og í þessari grein er fjallað um þrjá þeirra: 1) Þjónusta við barnafjölskyldur. Undir þennan þátt voru flokkaðar spurningar um góða grunnskóla, gott umhverfi til að ala upp börn, góða leikskóla, framhaldsskóla og framboð á íþróttum og afþreyingu. 2) Náttúra og kyrrð. Undir þann þátt voru flokkaðar spurningar um kyrrð, nálægð við náttúru, bílaumferð, þéttleika og að búa þar sem glæpir eru fatíðir. 3) Lífskjör og framfærsla. Undir þennan þátt voru felldar spurningar um lágt húsnæðisverð, leiguhúsnæði, lágyöru verðsverslun og fjarskiptakerfi. Búnir voru til kvarðar fyrir hvern þátt út frá svörum við spurningunum sem þeim tilheyrðu. Samkvæmni innan þáttanna reyndist fullnægjandi fyrir fyrstu tvo þættina en ásættanleg fyrir þann síðastnefnda. Tveir aðrir þættir voru skilgreindir fyrir spurningar sem tengdust menningu og atvinnutækifærum en ekki reyndist nægilegur spurningafjöldi innan þeirra þátta til að hægt væri að framkvæma sömu greiningu.

Greining

Í töflu 1 er sett fram afstaða svarenda greind eftir kyni til allra þeirra 18 atriða sem spurt var um og vörðuðu búsetuskilyrði. Einungis er sett fram hlutfall afstöðu svarenda til atriða þar sem fram kom marktækur munur á afstöðu milli kynja. Sett er fram hlutfall þeirra sem telja viðkomandi atriði mjög mikilvæg og síðan samantekið hlutfall þeirra sem telja viðkomandi atriði mjög og frekar mikilvæg.

Tafla 1. Afstaða svarenda til mikilvægi búsetuskilyrða greind eftir kyni.

Atriði	Mjög mikilvægt		Mjög og frekar mikilvægt	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Gott umhverfi til að ala upp börn**	60,0%	70,6%	79,1%	87,1%
Góður grunnskóli á svæðinu				
Framhaldsskóli á svæðinu				
Háskóli sé á svæðinu*	20,5%	24,2%	49,3%	57,2%
Lægra húsnæðisverð*	40,5%	52,5%	82,4%	87,7%
Gott fjarskiptakerfi				
Nálægð við höfuðborgarsvæðið				
Gott framboð á menningu**	25,5%	28,2%	66,4%	81,4%
Góðir leikskólar**	43,5%	58,1%	70,1%	77,2%
Gott framboð á leiguhúsnæði				
Gott framboð á íþróttum og afþreyingu				
Losna við mikla bílaumferð**	47,7%	59,7%	82,8%	87,3%
Búa þar sem glæpir eru fátíðir				
Búa ekki of þétt*	46,8%	38,1%	84,9%	77,2%
Kyrrð og ró				
Nálægð við náttúruna				
Að lágvörverslun sé nálægt				
Fjölbreytt atvinnutækifæri				

Marktækur munur á milli kynja er merktur með stjörnum aftan við viðkomandi þátt. Marktæktarkröfurnar eru þrjár: 90% (*), 95% (**) og 99% (***). Ekki eru settar fram upplýsingar yfir svarhlutföll atriða þar sem ekkivær marktækur munur eftir kynjum.

Niðurstöður leiða í ljós samkvæmt töflu 1 að konum er marktækt meira umhugað en körlum um að hafa gott umhverfi til að ala upp börn, hafa háskóla á svæðinu, lægra húsnæðisverð, gott framboð á menningu, góða leikskóla og að losna við mikla bílaumferð. Hinsvegar er karlmönnum meira umhugað um að búa ekki of þétt. Þegar einungis eru skoðaðir þeir sem telja viðkomandi atriði mjög mikilvægt kemur í ljós að mestur munur er á svörum eftir kynjum (í þessari röð) við góðum leikskólum, lágu húsnæðisverði, losna við mikla bílaumferð og hafa gott umhverfi til að ala upp börn. Þegar teknir eru saman svarendur sem telja viðkomandi atriði mjög mikilvægt og frekar mikilvægt kemur önnur röðun fram. Mestur munur í afstöðu eftir kyni kemur fram í viðhorfi til þess að mikilvægt sé að hafa gott framboð á menningu, síðan til þess að hafa gott umhverfi til að ala upp börn, að háskóli sé á svæðinu og góðir leikskólar. Eftir sem áður er karlmönnum meira umhugað en konum að búa ekki of þétt. Samkvæmt framangreindu þá er ljóst að töluverður munur er á afstöðu milli kynja til margvíslegra atriða sem talin eru hafa áhrif á búferlaflutninga. Munur á afstöðu kynjanna er meiri þegar aðeins eru teknir þeir sem telja viðkomandi búsetuskilyrði mjög mikilvægt. Hér er dregin sú ályktun að eindregnari afstaða kvenna til þess hvaða búsetuskilyrði þær telja mikilvæg kunni að vera hluti af skýringu á hárra hlutdeild þeirra af brottfluttum.

Til að draga betur saman undirliggjandi orsakamun þá voru spurningarnar flokkadar í þætti og niðurstöður settar fram í kvarða. Í töflu 2 er að finna niðurstöður

Þáttgreiningar eftir kyni. Þar kemur fram að konum var marktækt meira umhugað um þjónustu við barnafjölskyldur og lífskjör og framfærslu. Munurinn var afgerandi. Samkvæmt niðurstöðunum hvað varðar atriði sem tengjast náttúru og kyrrð þá var ekki marktækur munur á svörum kynjanna.

Tafla 2. Afstaða svarenda til mikilvægi búsetuþátta greind eftir kyni.

Búsetuþáttur	Karlar	Konur
Þjónusta við barnafjölskyldur**	3,22	3,37
Náttúra/kyrrð	3,47	3,50
Lífskjör/framfærsla**	3,11	3,28

Marktækur munur á milli kynja er merktur með stjörnum aftan við viðkomandi flokk.

Marktektarkröfurnar eru þrjár: 90%(*), 95% (**), og 99% (***)

Niðurstöðurnar hér að framan eru í samræmi við það sem haldið hefur verið fram að konur taki meiri ábyrgð á heimilinu heldur en karlar (Freedman og Kern, 1997; Montgomery og Anderson, 2007; Petit, 2007). Það geti því meðal annars haft áhrif á afstöðu kvenna sem íhugi flutninga úr sveit í borg að stutt sé í alla þjónustu við barnafjölskyldur þegar kemur í þéttbýlið. Þá er afstaða kvenna til lífskjara og framfærslu í samræmi við skýringar Greenwood og Hunt (2003) um að borgir færi konum meiri tækifæri til vinnu og hærri launa.

Niðurstöðurnar eru enn fremur athyglisverðar í ljósi þess hvenær könnunin var framkvæmd og þess sem bent var á í upphafi (Vífill Karlsson, 2008) að konur virðast hafa verið leiðandi í andborgarmyndun á Íslandi árin fyrir hrún. Það einkennir þó kenningar um andborgarmyndun að þar eru ýmsir þættir tengdir skynvirði taldir ráða för, t.d. að fólk sé að fordást glæpi, þrengsli og mengun stórborga (Mitchell, 2004; Pacino, 2001). Undir þáttinn náttúra/kyrrð voru felld atriði sem flokkast undir skynvirði. Samkvæmt framangreindri þáttgreiningu þá er ekki marktækur munur á svörum kynjanna til þess hversu mikilvæg atriði eru sem tengjast náttúru og kyrrð. Eftir stendur því óútskýrt afhverju konur í meira mæli en karlar fóru að flytjast búferlum úr borg í sveit.

Í rannsókn sem nemendur í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst framkvæmdu haustið 2007 voru brottfluttar konur af höfuðborgarsvæðinu til Suðurlands og Suðurnesja spurðar um helstu ástæður búferlaflutninganna. Af þeim ástæðum sem nefndar voru þá skar hár húsnæðiskostnaður sig úr sem lang algengasta skýringin, því næst komu skýringar eins og sókn í barnvænt umhverfi og losna við stress borgarinnar. Andborgarmyndun á Íslandi verður fyrst áberandi á hagvaxtarskeiðinu frá árinu 2004 til ársins 2007. Á þessum tíma hækkaði húsnæðisverð mjög mikið á höfuðborgarsvæðinu. Konur eru almennt tekjulægri en karlar og sú staðreynd kann að skýra að einhverju leyti stóran hlut kvenna í andborgarmyndun. Þrátt fyrir að ekki kæmi fram kyndbundinn munur í afstöðu til áhrifa skynvirðis almennt á búferlaflutninga þá skar einn þáttur sig úr þegar svör við hverri og einni spurningu voru skoðuð og það var að konur töldu mun mikilvægara að losna við bílaumferð en karlar (sjá töflu 1). Mikil bílaumferð dregur úr kostum þess að búa þétt, mikill tími fer í að keyra börn í skóla og í tómstundir. Hér kunna því að vera komnar tvær mikilvægar vísbendingar um hvaða þættir hafa ráðið ríkari hlut kvenna í andborgarmyndun. Annarsvegar hefur hátt húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu dregið úr framfærslumöguleikum og hinsvegar hefur mikill umferðarþungi dregið úr kostum þess að búa þétt. Bætt skipulag og frekari lækun á kynbundnum launamun yrði því vel til þess fallin að draga úr flæði kvenna á milli landshluta. Það gæti dregið eitthvað úr búferlaflutningum almennt ef það reynist rétt að karlar fylgi konum eftir eins og sumir hafa haldið fram og fjallað var stuttlega um að framan.

Niðurstöður

Í upphafi var sett fram spurningin: Hvaða þættir orsaka búferlaflutninga kvenna og eru þeir að einhverju leyti frábrugðnir þeim sem ýta við körlum? Spurningin var sett fram í þeirri von að geta bent á gagnlegar aðgerðir til styrktar samfélögum. Það kemur fram marktækur munur í afstöðu kvenna og karla til þess hvað skipti mestu máli þegar íhugað er að flytja búferlum. Samkvæmt niðurstöðunum ættu aðgerðir sem miða að því að auka hlut kvenna í búsetu að beinast að því að styrkja þjónustu við barnafjölskyldur og byggja upp góðar aðstæður á sviði lífshjálpa og framfærslu. Mikill umferðarþungi á höfuðborgarsvæðinu og hátt húsnæðisverð á undangengnu hagvaxtarskeiði gæti hafa átt sinn þátt í að beina sjónum kvenna að búsetu utan við höfuðborgarsvæðið. Betra skipulag á höfuðborgarsvæðinu gæti verið liður í að slá á flæði fólks frá höfuðborgarsvæðinu. Þá eru vísbendingar fyrir því að launamunur kynja kyndi undir búferlaflutninga. Þá væri því einkar áhugavert að skoða hvort að orsakir búferlaflutninga og munur milli kynja hafi breyst í kjölfar kreppunnar og eins og nefnt var í inngangi vegna breytinga á tíðaranda.

Heimildir

- Clark, W. A. V. og Withers, S. D. (2007). Family migration and mobility sequences in the United States: Spatial mobility in the context of the life course. *Demographic Research*, 17(20), 31.
- Eckel, C. C. og Grossman, P. J. (1998). Are Women Less Selfish Than Men?: Evidence from Dictator Experiments. *The Economic Journal*, 108(448), 726-735.
- Freedman, O. og Kern, C. R. (1997). A model of workplace and residence choice in two-worker households. *Regional Science and Urban Economics*, 27(3), 241-260.
- Graves, P. E. (2003). *Linking Regional Science and Urban Economics: Long-Run Interactions among Preferences for Amenities and Public Goods*. Boulder: University of Colorado.
- Greenwood, M. J. og Hunt, G. L. (2003). The Early History Of Migration Research. *International Regional Science Review*, 26(1), 3-37.
- Greenwood, M. J., Hunt, G. L., Rickman, D. S. og Treyz, G. I. (1991). Migration, Regional Equilibrium, and the Estimation of Compensating Differentials. *American Economic Review*, 81(5), 1382-1390.
- Grétar Þór Eypórsson, Eva Heiða Önnudóttir, Kolfinna Jóhannesdóttir og Hólfríður Sveinsdóttir. (2007). *Ímynd Vesturlands: Athugun á viðhorfum íbúa höfuðborgarsvæðisins og íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra*. Borgarbyggð: Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Bifröst.
- Hasseldine, J. og Hite, P. A. (2003). Framing, gender and tax compliance. *Journal of Economic Psychology*, 24(4), 517-533.
- Krieg, R. G. (1992). Internal migration and its influence on earnings of working husbands and wives. *Regional Science Perspectives*, 22(2), 10.
- Lichter, D. T. (1983). Socioeconomic Returns to Migration among Married Women. *Social Forces*, 62(2), 17.
- McCann, P. (2001). *Urban and Regional Economics*. Oxford: Oxford University Press.
- Mills, E. S., og Hamilton, B. W. (1972). *Urban Economics* (3. útgáfa). Glenview: Scott, Foresman and Company.
- Mitchell, C. J. A. (2004). Making sense of counterurbanization. *Journal of Rural Studies*, 20(1), 15-34.
- Montgomery, M. og Anderson, K. (2007). Best laid plans: Gender and the MBA completion rates of GMAT registrants. *The Quarterly Review of Economics and Finance*, 47(1), 175-191.
- Morrison, D. R. og Lichter, D. T. (1988). Family Migration and Female Employment: The Problem of Underemployment among Migrant Married Women. *Marriage Family*, 50(1), 12.
- Nivalainen, S. (2004). Determinants of family migration: Short moves vs. long moves. *Journal of Population Economics*, 17(1), 157-175.
- Nowell, C. og Tinkler, S. (1994). The influence of gender on the provision of a public good. *Journal of Economic Behavior & Organization*, 25(1), 25-36.
- Pacione, M. (2001). *Urban Geography: A global perspective*. London: Routledge.
- Petit, P. (2007). The effects of age and family constraints on gender hiring discrimination: A field experiment in the French financial sector. *Labour Economics*, 14(3), 371-391.
- Polachek, S. W. og Horvath, F. W. (1977). A life cycle approach to migration: Analysis of the perspicacious. *Research in Labor Economics*, 1, 46.
- Sandell, S. H. (1977). Women and the economics of family migration. *The Review of Economics and Statistics*, 59(4), 9.
- Spitze, G. (1984). The effect of family migration on wives' employment: How long does it last? *Social Science Quarterly*, 65(1), 15.
- Swamy, A., Knack, S., Lee, Y. og Azfar, O. (2001). Gender and corruption. *Journal of Development Economics*, 64(1), 25-55.
- Tiebout, C. M. (1956). A Pure Theory of Local Expenditures. *The Journal of Political Economy*, 64(5), 9.

- Vífill Karlsson. (2008). Búferlaflutningar og mannfjöldaþróun á Vesturlandi í samanburði við landið allt. *Hagvísir Vesturlands*, 8(1), 16.
- Vífill Karlsson. (2010a). Flutningsjöfnuður höfuðborgarsvæðisins og annarra svæða í kreppunni: Iceland. Sótt 3. september 2010 af <http://www.byggdastofnun.is/is/page/flutningsjofnudur/>.
- Vífill Karlsson. (2010b). *Local real price of houses and gender balance: A general case for Iceland; a large but thinly populated European country*. Óútgefið handrit.
- Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsson. (2009). Búsetuskilyrði á Íslandi: hverju sækist fólk eftir? Í H. S. Guðmundsson og S. B. Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 365-379). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- White, M. J. (1977). A Model of Residential Location Choice and Commuting by Men and Women Workers. *Journal of Regional Science*, 17(1), 12.